


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	HÁRG1FG02 Námsáætlun haustönn 2016	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		

Kennari: Harpa Birgisdóttir (HAR) harpa@vma.is

Viðtalstími miðvikudagra 12:50-13:15

Hárgreiðsla

Lýsing: Nemandinn kynnist hugmyndum, tækni og aðferðum á bak við mótun hárs með rúllum, klípum og hverskonar hitatækjum. Hann lærir og fær þjálfun í grunnatriðum við ísetningu á rúllum og klípum og mótun blautbylgja. Kennnd er notkun á krullu- og hitajárum auk beitingar rúllubursta við dömublástur og gerð einfaldra fléttna og snúninga. Farið er í undirstöðuatriði í form- og bylgjublæstri herra.

Kennnd er gerð og notkun verklýsinga.

Notast er við æfingahöfuð við verklega þjálfun.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- mismunandi formuppbyggingu í greiðslum og blæstri
- mismunandi gerðum rúlluísetninga og úrgreiðslna
- viðeigandi hármótunarefnum og áhöldum við ísetningu og greiðslu
- gerð og notkun verklýsinga fyrir hárgreiðslu
- mismunandi formum á bylgjugreiðslum
- notkun bylgjugreiðu og klípa
- notkun hárblásara og mismunandi gerða af burstum
- einfaldri notkun hitajárna til hármótunar
- einföldum fléttum og snúningum í sítt hár

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- gera grunnskiptingar fyrir upprúll
- skipta hárinu upp í fyrirfram ákveðnar brautir
- setja ýmsar stærðir af rúllum í misjafna sídd af hári
- túbera og greiða úr mismunandi upprúllum á æfingarhöfðum
- gera klípuupprúll á æfingarhöfði auk úrgreiðslu
- blása dömuhár í mismunandi form
- nota viðeigandi bursta, greiður og mótunarefni
- gera einfaldar fléttur og snúninga
- handleika hitajárn

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:


- skipta, rúlla upp og forma hár með hliðsjón af útkomu, uppbyggingu og áferð greiðslu
- notast við verklýsingar við gerð greiðslna
- beita saman blásara, bursta og greiðu
- halda á greiðu á sama tíma og rúllað er upp
- taka skiptingar í samræmi við spólustærð og fyrirætlaða útkomu
- krulla og slétta hár

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	HÁRG1FG02 Námsáætlun haustönn 2016	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		

Námsmat:

Matsform: <input checked="" type="checkbox"/> Símat <input type="checkbox"/> Lokapróf <input type="checkbox"/> Lokapróf með undanþágu		
Matshlutar	Lýsing matshluta	Vægi
Hlutapróf 1	Hágr. Stjarna í topp 5% + verk lýsing 5% + vinnubrögð 5%	15%
Hlutapróf 2	Hágr. Upprúll og úrgreiðsla 15% + verk lýsing 5%	20%
Hlutapróf 3	Hágr. Blástur 20% vinnubrögð 10%	30%
Verkefnaskil 1	Hágr. Skil á verk lýsingamöppu	20%
Verkefnaskil 2	Hágr. Skil á verkþáttum annarinnar	15%
	Hárgreiðsla samtals	100%
Leyfð hjálpargögn í prófi	Viðeigandi tæki og tól sem þarf til þess að ljúka verkefnum	
<p>Annað: Boðið er upp á endurtöku eins prófs sem nemandi hefur misst af í þessum áfanga. Fyrir þarf að liggja vottuð ástæða þess að ekki var hægt að taka prófið þann dag sem það var lagt fyrir. Ef um veikindi er að ræða þarf vottorði að hafa verið skilað á skrifstofu vegna þeirra. Aðrar ástæður þarf að tilkynna og samþykkja hjá kennara áfangans og skólastjóra.</p> <p>Nemendur þurfa að ljúka lykilmatsþáttum með lágmarkseinkunn 4 til að standast áfangann. Nái nemandi ekki lágmarkseinkunn verður boðið upp á eina endurtöku á matsþætti í samráði við kennara.</p> <p>Ef nemandi skilar ekki verkefni á réttum tíma þá dregst einn heill frá einkunn. Eftir fimm virka daga lokast fyrir skil á verkefnum nema vottuð ástæða liggja fyrir.</p>		

Námsgögn: Kennslubók: Hair Design A Designer's Approach 2009 Pivot Point International, inc. Ýmis gögn frá kennara og kennslumyndbönd frá Pivot Point

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Utgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		
HÁRG1FG02		
Námsáætlun haustönn 2016		

Áætlun:

Tímabil		Námsefni (verklegt og bóklegt)	Tímar	Heimavinna/verkefni	Vægi matshluta %
Vika	Dags.				
33	18.08.-20.08.	Skólinn, Kennsluáætlun og námsefni kynnt bækur og verklýsingar.	6		
34	21.08.-27.08.	Kaflí 1.1 og 1.2 Hair design Form, áferð og bygging. Áhöld og tæki Verklýsingargerð	6	Heima verklýsing af hnakkatopp með rúllum	
35	28.08.-03.09.	Kaflí 1.1 og 1.2 Hair design Rúllur settar í hnakkatopp (on/off) túberað og greitt úr. Verklýsingar	6	Heima verklýsing af hnakkatopp með rúllum	
36	04.09.-10.09.	Stjarna í toppinn með rúllum Verklýsingar	6		
37	11.09.-17.09.	Stjarna í toppinn með rúllum	6	verklýsingar	
38	18.09.-24.09.	Rúllur stjarna + verklýsing Hárþvottur	6	Hlutapróf 1	15%
39	25.09.-01.10.	Rúllur , grunnupprúll beinbraut og bogi	6		
40	02.10.-08.10.	Blásturs æfingar Blautbylgjur 3-5 brautir	6		
41	09.10.-15.10.	Upprúll grunnupprúll bein braut lagning Verklýsingar	6		
42	16.10.-22.10.	upprúll 1 hálfur haus Verklýsingar Blautbylgjur 3-5 brautir	6		
43	23.10.-29.10.	Hárþvottur Blautbylgjur 3-5 brautir	6		
44	30.10.-05.11.	upprúll og úrgreiðsla + verklýsing	6	Hlutapróf 2	20%
45	06.11.-12.11.	Verklýsingar. HÁRGR.Verklýsingaskil 3 stk. Snúningar, fléttur	6	Verkefnaskil 1	20%
46	13.11.-19.11.	Snúningar,Fléttur	6		
47	20.11.-26.11.	Hárgreiðsla í æfingarhöfuð	6	Hlutapróf 3	30%
48	27.11.-03.12	Skil á verkþáttum annarinnar	6	Verkefnaskil 2	15%

Athugið: Með vikunúmeri er átt við vikur ársins (eins og á dagatalinu)

Dagssetning: 27.09.16

Harpa Birgisd.

Undirritun kennara Harpa Birgisd. Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

